

Reykjavík, 9.6.2011

Skýrsla stjórnar vegna starfsársins 2010/2011

Stjórn og stjórnarstörf

Ný stjórn félagsins var kosin á aðalfundi í maí 2010. Hana skipuðu:

Valgerður Helga Schopka formaður
Ingibjörg Hanna Pétursdóttir varaformaður
Rebekka Jónsdóttir gjaldkeri
Ásta Guðmundsdóttir meðstjórnandi
Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir ritari
Sunna Dögg Ásgeirsdóttir meðstjórnandi

Hin nýkjörna stjórn hóf störf strax í júní og byrjaði á að setja sér markmið og starfsreglur og koma sér saman um fundafyrirkomulag. Var samþykkt að stjórn fundaði á tveggja vikna fresti tvo tíma í senn. Fyrstu verkefni stjórnar voru samstarf við Íslandsstofu vegna CPH Vision og átakið “Fatahönnuðir bjóða í heimsókn”, langur fimmtudagur í lok júní.

Í júlí var gert hlé á stjórnarstörfum en þegar stjórn kom saman í ágúst höfðu Ásta Guðmundsdóttir meðstjórnandi og Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir ritari sagt sig frá stjórnarsetu. Stjórn brá á það ráð að auglýsa innan félagsins eftir ritara og meðstjórnanda. Eygló Margrét Lárusdóttir bauð sig fram til ritara og Laufey Jónsdóttir sem meðstjórnanda.

Að jólafríi undanskildu hefur stjórn fundað óslitið á tveggja vikna fresti, tvo tíma í senn, og mæting stjórnar nær undantekningarlaust verið 100%.

Á stjórnarfundum hefur stjórn skipt með sér verkum og samkvæmt töflu 1. hér að neðan má varlega áætla tímafjöldu stjórnar í þágu félagsins (vinna vegna HönnunarMars 2011 er ekki í þessum tölum):

Stjórnarstörf 6 manna stjórnar	Samtals klst. á viku	Samtals klst. á mánuði	Meðalklst. á mann á mánuði
Stjórnarfundir/ritarastörf	8	35	6
Félagatal/fjármál félags	2	9	1
Fyrirspurnir/símtöl/tölvupóstur	7	30	5
Fundir/samskipti við samsarfaðila	3	13	2
Vefsíða/fésbók	3	13	2
Undirbúningur viðburða/sýninga	5	22	4
Samtals:	28	121	20

Tafla 1. Tímafjöldi stjórnarstarfa

Verkefnin:

Verkefni vetrarins hafa verið fjölmörg og stjórn skynjar mikinn áhuga fyrir íslenskri fatahönnun og mörg tækifæri til samstarfs, innanlands sem erlendis. Tímaskortur stjórnarmeðlima er helsta ástæða þess hversu hægt gengur að reka mál félagsins og fjárskortur takmarkar möguleika félagsins hvað varðar starfsemi þess, þátttöku í viðburðum og samstarfi m.a. við erlend samtök.

Hönnunarmiðstöð

Frá upphafi hefur samstarf við Hönnunarmiðstöð verið gott. Steinunn Sigurðardóttir situr í stjórn Hönnunarmiðstöðvar fyrir hönd Fatahönnunarfélagsins. Í byrjun ágúst gaf Hönnunarmiðstöð út yfirlýsingu í samvinnu við félagið vegna Iceland Fashion Week, sem virðist hafa haft tilætluð áhrif.

Þá var hafist handa við að leita eftir samstarfi við RFF. Ekki náðist sameiginlegur fundur með RFF, Hönnunarmiðstöð og fulltrúum úr stjórn Fatahönnunarfélagsins, en RFF bauð tveimur stjórnarmönnum Fatahönnunarfélagsins setu í fagráði RFF.

Fagráð Fatahönnunarfélags Íslands

Í ágúst stofnaði stjórnin sérstakt Fagráð fatahönnuða og skipaði Bergþóru Guðnadóttur, Lindu Björg Árnadóttur og Steinunni Sigurðardóttur í sæti þess til þriggja ára. Tilgangurinn með stofnun sérstaks fagráðs er að auka gegnsæi og faglega leiðsögn með viðburðum sem tengjast fatahönnun, t.d. fatahönnunarkeppnum og sýningum sem einkaaðilar skipuleggja.

Félagsskírteinið

Útbúið hefur verið félagsskírteini fyrir félagsmenn. Haft hefur verið samband við fjölda aðila sem eru tilbúnir til að veita félagsmönnum afslætti og vildarkjör gegn framvísun félagsskírteinis ásamt persónuskilríki. Listi yfir samstarfsaðila verður á heimasíðu félagsins. Flestir veita 15-20% afslátt af þjónustu sinni. Margt smátt gerir eitt stórt! Hér listi yfir þá sem eru komnir í samstarf:

- Flutningar
 - DHL - 20 % sé fyrirtæki skráð í viðskipti
- Vefnaðarbúð
 - Virka - 15% yfir 1000 kr.
- Vefnaðarheildverslun
 - S.Á Ármannsson - 10 % afsláttur yfir 10 m
- Bækur og riföng
 - Litir og föndur – 15 %
- Prentun
 - Pixel – 15 %
- Bókhald:
 - Hagsýn -10% af bókhaldsþjónustu og 15% af stefnumótun og áætlanagerð
- Söfn
 - Hönnunarsafn Íslands – Frítt inn
- Tölvur
 - Emstrur vefsíðugerð - 15 %
 - Tölvuvinir.is - 20% afslátt af vírushreinsunum, og 15% afslátt af vinnu við aðrar viðgerðir.

Bleika boðið

Dagmar Haraldsdóttir óskaði eftir því að félagið sæi um tískusýningu Bleika boðsins í október 2010. Góð þátttaka var á vegum félagsins, yfir 20 félagsmenn sýndu hönnun sína og gott samstarf myndaðist við Dagmar.

Markaðsátak í miðborg

Stjórn stóð fyrir sameiginlegri framlengdri fimmtudagsopnun fatahönnunarverslana í miðbænum og heilsíðuauglýsingu þess efnis í nóvember 2010.

Vefsíðan

Ákveðið var að byggja upp nýja heimasíðu félagsins, sem gæti orðið vettvangur félagsmanna til að koma sér á framfæri og sækja sér gagnlegar upplýsingar. Samið var um uppsetningu síðunnar á mjög hagstæðu verði og fulltrúi úr stjórn skipaður vefstjóri. Hugmyndin var að hluti vefsíðunnar yrði eingöngu aðgengilegur félagsmönnum (innri vefur) með gagnlegum upplýsingum um framleiðendur og fagfólk sem tengist geiranum og að meðlimir í félaginu deildu þar upplýsingum og reynslu. Er síðunni ætlað að sinna markaðslegu hlutverki út á við og vera upplýsandi fyrir félagsmenn, efla tengslanet þeirra og samstöðu. Þar er þó margt enn óunnið. Síðuna þarf að þýða á ensku og koma henni á framfæri við leitarvélar og áhugaverða tengla. Virkja þarf innri vef síðunnar ætlaðan félagsmönnum og stjórn, þar sem eftirsóknarverðar upplýsingar verða varðveittar til handa félagsmönnum um m.a. framleiðsluaðila og ýmislegt gagnlegt fyrir fatahönnuði og frumkvöðla í greininni. Til stendur að setja upp sérstakt tölvutækt umsóknareyðublað á síðuna fyrir þá sem áhuga hafa á að sækja um félagsaðild. Þá þarf að skipuleggja skilvirka svörun við fyrirspurnum sem berast félaginu í gegnum síma, tölvupóst og vefsíðuna. Og síðast en ekki síst þarf að sjá til öflugs viðhalds síðunnar með stöðugum fréttum og myndefni. Verkefnið hefur gengið mun hægar en til stóð og er þar tímaskorti um að kenna. Til stendur að kanna hvort félagið geti ráðið starfsmann á Starfsorkusamning til að sjá um vefsíðu félagsins.

Fésbókarsíða

Fésbókarsíða félagsins var stofnuð í nóvember og helst uppfærsla hennar í hendur við vefsíðuna.

Félagsfundur

Stjórn boðaði til almenns félagsfundar 11.11.2010. Átta félagsmenn komu á fundinn ásamt stjórn. Þar var gerð grein fyrir störfum stjórnar fram til þessa og ræddar hugmyndir að dagskrá félagsins á HönnunarMars 2011. Jafnframt var leitað eftir krafti félagsmanna við undirbúning HönnunarMars. Ýr Þrastardóttir og Edda Guðmunds. féllust á að taka þátt í undirbúningshópi vegna verkefnisins.

HönnunarMars 2011

HönnunarMars 2011 var stærsta/tímafrekasta verkefni félagsins á starfsárinu. Hönnunarmiðstöð studdi við Fatahönnunarfélagið af miklum mætti vegna HönnunarMars 2011 og bauð félaginu að halda opnunarhóf HönnunarMars 2011 í Hafnarhúsinu. Undirbúningur hófst þegar í nóvember og Laufey

Jónsdóttir tók að sér listræna stjórn fyrir hönd félagsins. Dagmar Haraldsdóttir var ráðin verkefnisstjóri félagsins. Mikil vinna fór fram við undirbúning og fjáröflun. Helstu styrktaraðilar voru 66° Norður, Inspired by Iceland, Saga Film og Mekka Wines and Spirits. Kostnaður við gerð myndbands félagsins nam um 1,2 milljónum kr. (án VSK) og vegna opunarhófsins kr. 400 þúsund. Verkefnastjórn vegna HönnunarMars nam um 300 klst. og fékk Dagmar greiddar 125 þúsund kr. fyrir vinnu og kostnað (sími/bensín). Laufey mun hafa lagt til um 300 – 400 klst. í sjálfbóðaliðavinnu.

Norræna húsið skipulagði fagfund 10 rússneskra fatahönnuða frá Pétursborg á vegum **NORDIC LOOK verkefnisins** og íslenskra fatahönnuða í samvinnu við Fatahönnunarfélagið á HönnunarMarsi 2011. Fundurinn var haldinn í Norræna húsinu laugardaginn 26. mars og héldu fatahönnuðir frá báðum löndum erindi. Fyrir Íslands hönd tók til máls Sruli Recht og Rebekka og Eygló höfðu tekið saman yfirlit yfir íslenska fatahönnun sem ekki gafst tími til að kynna vegna tímaskorts. Enginn félagsmaður Fatahönnunarfélagsins mætti á fundinn.

Íslandsstofa

Hanna fundaði með Jóni Ásbergs. framkvæmdastjóra Íslandsstofu um samstarfsmöguleika og stuðning við fatahönnuði. Íslandsstofa auglýsti eftir þátttakendum í CPH Vision vegna febrúarsýningar og átti samráð við stjórn félagsins og Hönnunarmiðstöð um val á sýninguna. Stjórn hefur gagnrýnt vinnubrögð og fyrirkomulag Íslandsstofu í tengslum við sýningar. Formlegt erindi þess efnis hefur var lagt fram í maí 2011. Í framhaldi af því funduðu Hanna, Rebekka og Eygló með Jóni Ásbergs. og Berglindi, sem sér um vinnu við sýningar. Íslandsstofa hefur hafið endurskoðun vinnubragða og fer nú fram á fyrirframgreiðslu vegna þátttöku í sýningum til að koma í veg fyrir þátttakendur hætti við á síðustu stundu. Jafnframt verður gefst hönnuðum kostur á að velja á milli tveggja sýninga í sumar/haust, í Kaupmannahöfn og París. Þátttakendur þurfa sjálfir að afla sér samþykkis inn á Parísarsýningu og geta þá sótt um niðurgreiðslu hjá Íslandsstofu.

Borgin

Á haustmánuðum hittu Vala og Rebekka Einar Örn Benediktsson formann menningar- og ferðamálaráðs. Einar lagði til að Borgin styrkti félagið til að ráða starfsmann – markaðsstjóra. Í framhaldi af fundinum og að beiðni Einars Arnars var ítarlegt erindi um félagið, starfsemi þess og

markmið lagt inn á borð til hans. Einar Örn ætlaði að kynna málið á fundi menningar- og ferðamálaráðs í maí 2011. Ekki hefur fengist niðurstaða í málið þegar skýrsla þessi er rituð.

NFA og NICE

Í mars hafði Nordic Fashion Association (NFA) samband við okkur og boðaði á undirbúningsfund í Osló vegna NICE-verkefnisins og Fashion Summit í september 2011. Stjórn hafði ekki tók á að senda fulltrúa á fundinn en þar með voru komin á samskipti við NFA, sem brýnt er að viðhalda. Nokkrir fulltrúar íslenskra fatahönnunarfyritækja buðu sig fram til að taka þátt í ráði sem nefnist *Advisory Board* á vegum samtakanna. Í framhaldi var lýst eftir þátttakendum í NICE fatahönnunarkeppnina og fjórir fulltrúar á vegum Íslands valdir, Mundi Vondi, 8045, HANNA felting og Ásta Creative Clothes. Fyrirtækin fjögur fóru á kynningarfund í Osló í byrjun apríl til að kynna sér vistvæn efni. Með aðstoð Hönnunarmiðstöðvar tókst að fá niðurgreidda flugmiða í gegnum sendiráðið úti. Fatahönnunarfélagið greiddi flugvallarskatta. Til Kaupmannahöfn 1. september stóð að halda keppnina á Fashion Summit í Kaupmannahöfn 1. september 2011. Vegna fjármögnunarerfiðleika hefur Fashion Summit verið frestað til 9. maí 2012.

Annar fundur NFA um framtíðarmöguleika samstarfsins og stefnu NICE verkefnisins var haldinn í Stokkhólmi 18. maí síðastliðinn en félagið hafði ekki efni á að senda fulltrúa á fundinn og ekki fékkst fjárhagslegur stuðningur frá Íslandsstofu, SI, Iðnaðarráðuneyti, Viðskiptaráðuneyti né Viðskiptaráði.

NFA hefur sétt sér markmið að Norðurlöndin verði leiðandi á sviði vistvænnar og sjálfbærrar fatahönnunar og skapi sér þannig sérstöðu á heimsmælikvarða. Mikilvægt er að Fatahönnunarfélag Íslands verði virkur þátttakandi í þessu norræna samstarfi. Stjórn mun leita eftir norrænum styrkjum til að gera félaginu kleift að sækja fundi.

Afmælisárið 2011

Hafinn er undirbúningur vegna afmælishátíðar félagsins í september 2011. Rebekka Jónsdóttir úr stjórn og Brynhildur Þórðardóttir í Luka Art & Design stýra undirbúningi.

SI

Samtök iðnaðarins áttu frumkvæði að stefnumótunarvinnu með fatahönnuðum, fataiðnaðinum og stuðningsumhverfinu í maí síðastliðnum. Um 40 manns tóku þátt í sólarhrings vinnu og þar af voru tæplega 20 fulltrúar fatahönnunarfyritækja. SI vinnur að samantekt á niðurstöðum fundarins og mun boða til endurfundar innan skamms. Vinnuhópurinn lagði drög að framtíðarsýn um að íslensk fatahönnun og framleiðsla yrði virt fyrir gæði og sérstöðu og að velta greinarinnar myndi aukast.

Samstarf

Fjölmarginir leita til félagsins um ýmiss konar samstarf. Þeirra á meðal var **Íslenska sendiráðið í Danmörku** sem bauðst til að hýsa tískusýningu íslenskra fatahönnuða á dönsku tískuvíkunni í Kaupmannahöfn í ágúst næstkomandi og **KVENN (Félag kvenna í nýsköpun)** sem skipulagði alþjóðlegu nýsköpunarráðstefnuna **EUWIIN (European Union Women Inventors & Innovators Network)** í Hörpunni í maí bauð Fatahönnunarfélaginu að sjá um tískusýningu á ráðstefnunni. Í báðum tilvikum er óskað eftir því að Fatahönnunarfélagið skipulegði og fjármagnaði umræddar tískusýningar. Loks leitaði **Finnska sendiráðið** til félagsins, þar sem íslenskum fatahönnuðum gafst kostur á að koma sér á framfæri á 4 vikna tiskuviðburðinum **NORDIC POP-UP SHOP í Tallinn**, menningarborg Evrópu 2011. Sonja Bent tók þátt og fékk ferðakostnað niðurgreiddan með aðstoð Hönnunarmiðstöðvar.

Latibær hefur lýst yfir áhuga á að halda keppni og vill fá félagið til að aðstoða við skipulagningu og framkvæmd.

Fjárhagur félagsins

Í upphafi starfsárs voru skráðir félagsmenn 93 talsins. Einu tekjur félagsins eru félagsgjöld, kr. 8000 á ári, sem gera kr. 744.000 á ári. Þrátt fyrir lág félagsgjöld gengur erfiðlega að innheimta þau. Árið 2010 fékk félagið kr. 384.000 í greidd félagsgjöld.

Kostnaður við viðburð eins og SHOWROOM REYKJAVÍK hefur numið u.þ.b. einni milljón króna (húsaleiga, lýsing, prentun) og hafa fatahönnuðir greitt sérstök þátttökugjöld til að standa straum af kostnaði.

Af þessu er ljóst að fjárhagslegt bolmagn félagsins er takmarkað, hvort sem er til að standa á bakvið fleiri en einn stóran viðburð á ári eða til að ráða starfsmann þó ekki væri nema í hlutastarf.

Verkefni næsta starfsárs 2011/2012

Áframhaldandi samstarf við Íslandsstofu um fyrirkomulag við sýningar og stuðning við fatahönnuði, undirbúningur HönnunarMars 2012, Afmælishátíð félagsins vegna 10 ára afmælisins og Showroom Reykjavík. Kannaður verður samstarfsgrundvöllur við RFF og fleiri. Samstarf við LHÍ, nemendaaðild.

Félagið þarf að leita leiða til fjármögnunar vegna einstakra verkefna og það er trú stjórnar að ráðning starfsmanns félagsins myndi geta skipt sköpum við að bregðast hratt og af krafti við þeim tækifærum sem við greininni blasa. Starfsmaður gæti létt á stjórn með því að vinna markvisst að því að sinna og fylgja eftir samskiptum við hagsmunaaðila, viðhalda vefsíðunni og byggja upp markaðsmál félagsins af krafti og hraða. Stjórn gæti þá einbeitt sér að móta stefnu og starfsemi til lengri tíma, hlúð að þörfum einstakra félagsmanna, eflt innri starfsemi og ræktað norrænt samstarf.

Fyrir hönd stjórnar
Valgerður Helga Schopka
formaður